

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 25. september 2019.

**Efni: Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008, með síðari breytingum. 150. Löggjafarþing 2019-2020. Þingskjal 8 - 8. mál.**

Félagsráðgjafafélag Íslands fagnar ofangreindu frumvarpi og auknum áhuga á því að meta andlega heilsu fólks til jafns við líkamlega heilsu eins og efni frumvarpsins felur í sér.

Félagsráðgjafafélag Íslands sendi umsögn dags. 20. mars 2019 vegna sama frumvarps sem lagt var fram á 149. löggjafarþingi (513. mál) en hlaut ekki afgreiðslu. Gerði Félagsráðgjafafélag Íslands athugasemd við það að í fyrra frumvarpinu væri einungis gert ráð fyrir að ein fagstétt geti veitt samtalsmeðferð við sálfélagslegum vanda, það er fagstétt sálfræðinga. Vakti félagið athygli á því að margar fagstéttir þar á meðal félagsráðgjafar veiti samtalsmeðferð við andlegri vanlíðan á einkareknum meðferðarstofum. Nálgun ólíkra fagstétta á andlegum vanda væri ólík og því brýnt að halda því til haga að engin ein aðferð eða meðferð væri réttari en önnur. Væri markmið þjónustunnar það sama, það er að bæta líðan og lífsgæði þeirra sem óska eftir samtalsmeðferð og telja sig þurfa á henni að halda. Taldi félagið að það væri mikilvægt að vekja athygli á þessum þætti svo að þeir einstaklingar sem þurfi að leita sér aðstoðar vegna sálfélagslegs vanda hafi val um sem fjölbreyttust úrræði. Yrði fyrra frumvarpið samþykkt óbreytt myndi það þrengja valkosti fólks að úrræðum og takmarka aðgengi að viðeigandi þjónustu til að bæta andlega líðan þvert á markmið frumvarpsins. Aðgengi að þjónustu væri takmarkað ef greiðsluþáttaka Sjúkratrygginga næði aðeins til einnar fagstéttar samkvæmt fyrra frumvarpinu.

Félagsráðgjafar vinna með einstaklingum, fjölskyldum, hópum og samfélögum sem eru að glíma við sálfélagslegan vanda og vilja gera breytingar á stöðu sinni sér í hag. Félagsráðgjafar búa yfir víðtækri þekkingu og beita fjölbreyttum gagnreyndum aðferðum í vinnu sinni. Nám þeirra er 5 ára háskólanám sem skiptist í þriggja ára grunnám þar sem þeir öðlast BA gráðu í félagsráðgjöf. Að því loknu tekur við tveggja ára meistaranám þar sem hluti námsins felst í starfsþjálfun utan Háskóla Íslands undir handleiðslu starfsþjálfunarkennara sem hafa fengið sérstaka þjálfun sem slíkir. Félagsráðgjafar geta að loknu námi sótt um löggild starfsréttindi í félagsráðgjöf til Embættis Landlæknis og leyfi til að reka heilbrigðisþjónustu hjá sama embætti.

Mikilvægt er að það fagfólk sem veitir samtalsmeðferð við andlegri vanlíðan og sálfélagslegum vanda hafi starfsleyfi frá Embætti Landlæknis til að veita viðeigandi meðferð og jafnframt leyfi til að reka heilbrigðisþjónustu. Það er brýnt svo að Embætti Landlæknis hafi eftirlit með gæði og rekstri þjónustunnar samkvæmt reglugerð nr.786/2007 um eftirlit landlæknis með rekstri heilbrigðisþjónustu og faglegum lágmarkskröfum.

Félagsráðgjafafélag Ísland lagði til, svo þjónustan mæti þörfum sem flestra sem á henni þurfa að halda, að orðalagi frumvarpsins væri breytt. Tillaga félagsins var sú að þar sem fjallað væri um sálfræðimeðferð í frumvarpinu yrði í stað þess getið um viðtalsmeðferð, svo engin fagstétt sem hefur löggild starfsréttindi og tilskilin rekstrarleyfi yrði undanskilin greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga.

Nú er frumvarpið endurflutt með þeirri breytingu að lagt er til að sjúkratryggingar taki, auk sálfræðimeðferðar, einnig til annarrar klínískrar viðtalsmeðferðar. Athygli vekur að í 21. gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008, með síðari breytingum er í greininni fjallað um þjónustu sjúkraþjálfara, iðjuþjálfara og talmeinafræðinga. Hins vegar er í frumvarpinu lagt til að í nýrri grein 21. a. að sjúkratryggingar taki *til nauðsynlegrar sálfræðimeðferðar og annarrar klínískrar viðtalsmeðferðar* án þess að skilgreina það frekar hvað átt er við. Slíkt orðalag er til þess fallið að valda óvissu og færi betur að nota *samtalsmeðferð* sem er það orðalag sem Embætti landlæknis notast við<sup>1</sup> og/eða telja upp þær heilbrigðisstéttir sem veita klíníska samtalsmeðferð og hafa til þess leyfi landlæknis, s.s. félagsráðgjafar og sálfræðingar.

Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,  
stjórn Félagsráðgjafafélags Íslands:

Anna Guðrún Halldórsdóttir  
Arndís Tómasdóttir  
Guðrún Þorgerður Ágústsdóttir  
Hafdís Gerður Gísladóttir  
Sigurlaug Hrefna Soffiu- og Traustadóttir  
Steinunn Bergmann

---

<sup>1</sup> <https://www.landlaeknir.is/um-embattid/greinar/grein/item16398/Medferd>